

## T I L L A G A

til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna  
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flm. Steindór Haraldsson  
Frsm. Steindór Haraldsson

Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að hlutast til um að ráðist verði í gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna ekki síðar en í janúar 2019.

### *Greinargerð*

Á kirkjuþingi 2016 var samþykkt breytingartillaga frá flutningsmanni sem var 23. mál á þskj. 63. Sú breytingartillaga var um sama efni og sú þingsályktun sem hér um ræðir. Af einhverjum ástæðum náðist ekki að framkvæma þá þingsályktun.

Flutningsmaður telur að víðtæk stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna verði ekki lengur umflúin. Sú stefnumótun verður að ná til grasrótar þjóðkirkjunnar. Að öðrum kosti verður ekki sátt um hana. Til að undirbyggja þá stefnumótun þarf að fara fram gerð sviðsmynda, sem gerð verður grein fyrir hér að neðan. Að lokinni þeirri vinnu er hægt að hefjast handa við stefnumótunina sjálfa.

Mikilvægt er að staða þjóðkirkjunnar í dag verði kortlögð og unnið út frá þeirri stöðu við stefnumótun hennar en þar koma sviðsmyndir inn í myndina sem undirstaðan.

Gert er ráð fyrir að þegar gerð sviðsmynda er lokið geti hin eiginlega stefnumótunarvinna hafist, annað hvort eftir vorþing nú á næsta ári eða eftir kirkjuþing 2019.

Hér verður gerð grein fyrir aðferðafræðinni við gerð sviðsmynda:

### **Um gerð sviðsmynda varðandi framtíð kirkjunnar.**

Sviðsmyndagerð er aðferð við að greina og draga fram helstu drifkrafta sem mótað geta starfsumhverfi kirkjunnar til framtíðar. Þær hvetja til samtals við þjóðkirkjufólk og eru jafnframt ómetanlegt tæki við stefnumótun en ekki síður til að víkka sjóndeildarhring þeirra sem tengjast starfsemi kirkjunnar. Með fastmótaðri aðferðafræði veltum við upp ólíkum sviðsmyndum um framtíð kirkjunnar á Íslandi. Þannig eru helstu drifkraftar í starfsumhverfi kirkjunnar greindir og í kjölfarið mótaðar sviðsmyndir um hugsanlega þróun þeirra til framtíðar.

- *Sviðsmyndirnar nýta m.a. við að:*

- Skoða hvernig mikilvægar forsendur í starfsumhverfinu og áhrifaþættir í kirkjustarfi geti þróast á komandi árum.
- Öðlast skilning og þekkingu á helstu drifkröftum og meginstraumum sem munu móta væntingar til kirkjunnar og innviða hennar í framtíðinni.
- Skapa sameiginlega sýn á mögulegri þróun kirkjustarfs á Íslandi.

- Framsetningu hugmynda gagnvart meðlimum kirkjunnar, hagsmunaaðilum, stjórnvöldum o.fl.
- Að draga fram skilning á því að framtíðin geti þróast með ólíkum hætti sem endurspeglast í samfélagslegum þáttum ekki síður en fjárhagslegum.
- Auðvelda yfirsýn um áhrif ákvarðana í dag á stöðuna í framtíðinni.

### **Samtalið er lykilatriði**

- *Samtal við alla sem málið varðar*

Einn mikilvægasti þátturinn í sviðsmyndavinnu er samtal við alla sem málið varðar s.s. almenning, leikmenn, embættismenn og aðra lykilaðila um ólíkar sviðsmyndir og þróun þeirra. Þær eru þannig ómetanlegt tæki við stefnumótun og ekki síður en til að víkka sjóndeildarhring þeirra er tengjast kirkjunni og hennar starfi. Frekar en að framreikna með hefðbundnum aðferðum núverandi aðstæður, munum við með aðkomu bæði embættismanna og leikmanna, móta sviðsmyndir sem taka mið af breyttu landslagi til framtíðar. Það innifelur m.a. umfjöllun um stjórnskipulag og starfsumhverfi kirkjunnar, jarðir og mannvirki hennar ásamt þeirri heildrænu þjónustu sem kirkjan mun þurfa að geta boðið upp á í framtíðinni.

- *Drifkraftar og grunngerð sviðsmynda*

1. Velt er upp mikilvægustu óvissuþáttum og þróun drifkrafta
2. Grunngerð sviðsmynda mótast af mikilvægustu drifkröftunum. Þá verða til 2-4 ólíkar sviðsmyndir

- *Hagnýting sviðsmynda*

1. Verðum betur undirbúin til að mæta óvissri framtíð.
2. Veltum upp og skiljum hvað við getum gert í hverri sviðsmynd til að tryggja starfsemi og framþróun.
3. Mótum nýja stefnu eða mátum núverandi stefnu okkar við sviðsmyndirnar
4. Gerum áhættugreiningu á þeim ákvörðunum sem við stöndum frammi fyrir
5. Greinum nýja möguleika / valkosti

Ákvarðanir dagsins í dag munu skipta miklu um framtíðina því er mikilvægt að skilja hvernig framtíðin getur þróast!

### **Tillaga að vinnuferli við sviðsmyndaverkefni**

Umhverfi þjóðkirkjunnar er að taka stöðugum breytingum og er mikilvægt að bregðast við þeim með réttum hætti. Ein af áhrifaríkari leiðum þess er að nýta sviðsmyndir til að ramma inn þá þætti starfsumhverfisins sem munu skipta þjóðkirkjuna mestu máli í framtíðinni. Margt af þeirri vinnu sem fer fram við sviðsmyndagerð getur nýst strax til að mæta mest aðkallandi verkefnum og þeim áskorunum sem kirkjan þarf að svara nú í dag. Hvort tveggja kallar á að rýna til framtíðar, til að taka mið af framtíðarþörfum kirkjunnar. Vinna við fasa A nýtist því strax sem innlegg í þessa vinnu.

- *Skipta má vinnuferlinu í þrjá fasa:*

#### **Fasi A:**

Stöðugreining og gagnaöflun. Greining á innviðum og stjórnsýslulegri uppbyggingu þjóðkirkjunnar. Greining á meginstraumum í starfsumhverfinu sem skipta þjóðkirkjuna miklu

máli. Þessa vinnu væri æskilegt að setja sem fyrst í gang, með því móti gætu gagnaöflun og rýni ráðgjafa nýst strax sem innlegg í aðra vinnu innan kirkjunnar.

**Fasi B:**

Vinnufundur með starfsmönnum og hagsmunaaðilum varðandi drifkrafta og grunngerð sviðsmynda. Tímasetning ákveðin í samráði við kirkjustjórnina.

**Fasi C:**

Úrvinnsla, samantekt og kynning. Í kjölfarið er kominn nýr grunnur að „samtali“ um starfsemi hennar til framtíðar.

*Nánari sundurliðun verkfasa.*

**Fasi A:**

Stöðugreining og gagnaöflun. Greining á innviðum og stjórnsýslulegri uppbyggingu þjóðkirkjunnar ásamt þeim meginstraumum í starfsumhverfinu sem skipta hana máli.

1. Verkefnið undirbúið og ráðgjafar rýna þau gögn sem fyrir liggja og skipta máli í vinnunni.
2. Viðtöl verða tekin við valda aðila, innan kirkjunnar og/eða utan hennar.
3. Rafræn nafnlaus könnun meðal valdra hagsmunaaðila.
4. Úrvinnsla úr þeim gögnum sem unnin hafa verið

**Fasi B:**

Vinnufundur með starfsmönnum og hagsmunaaðilum. Ákvarðanir drifkrafta og grunngerð sviðsmynda.

5. Fundur um greiningu áhrifaþátta

6. Úrvinnsla þess fundar.

7. Sviðsmyndaverkstæði miðast við þátttöku bæði starfsmanna kirkjunnar og mögulega einnig utanaðkomandi aðila sem verði boðið til fundarins.

**Fasi C:**

Úrvinnsla, samantekt og kynning

8. Úrvinnsla verði unnin með stýrihópi.

9. Skýrslugerð og kynning niðurstaðna.

*Og hvað svo?*

Þegar niðurstaða og faglega gerðar sviðsmyndir af nútíð og framtíð þjóðkirkjunnar liggja fyrir höfum við í höndum þau tæki sem gera vinnu við stefnumótun mjög auðveld. Að sama skapi koma upp á yfirborðið og verða öllum ljósir, þeir agnár sem nú kunna að hamla eðlilegri framþróun í nútímalegum stjórnarháttum. Þá verður hægt að bregðast við þeim á ábyrgan hátt. Því að ef t.d. ekkert verður að gert vitum við að minnsta kosti hvað þá blasir við þjóðkirkjunni.

Kostnaðaráætlun er nokkuð erfitt að gera áður en samið verður við sérfræðinga sem ráða þarf til verksins. Þar þarf að ákveða hversu víðtæk sviðsmyndagerðin á að vera, það hefur áhrif á kostnað. Greiningarvinna á innviðum þjóðkirkjunnar er flókin vegna þess hversu flækjustigið er þar hátt. Ef marka má sviðsmyndagerð fyrir aðrar stofnanir má áætla að kostnaðurinn verði á bilinu 5 og 8 milljónir kr.